

Starfaskráning Hagstofu Íslands

1. Tengiliður

1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Atvinna, lífskjör og mannfjöldi
1.3 Nafn tengiliðar	Vera Óðinsdóttir, sérfræðingur í vinnumarkaðsrannsóknum
1.6 Netfang tengiliðar	vera.odinsdottir@hagstofa.is
1.7 Símanúmer tengiliðar	528 1037

2. Lýsigögn uppfærð

2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	29.04.2021
-----------------------------	------------

3. Framsetning

3.1 Lýsing á gögnum

Meginmarkmið starfaskráningar Hagstofunnar er að safna upplýsingum um fjölda lausra starfa og fjölda starfsmanna hjá lögaðilum sem greiða laun á Íslandi. Starfaskráning (e. Job Vacancy Survey) er framkvæmd í samræmi við reglugerð nr. 453/2008 sem er í gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Tölur eru þannig samanburðarhæfar við tölur um laus störf innan Evrópu.

Starfaskráningin er framkvæmd ársfjórðungslega á tilteknum degi sem jafnan er um miðbik hvers ársfjórðungs sem álitinn er dæmigerður fyrir ársfjórðunginn.

Þýði rannsóknarinnar nær til allra lögaðila á íslenskum vinnumarkaði sem eru með fleiri en einn starfsmann í vinnu.

Fyllsta trúnaðar er gætt við úrvinnslu gagna. Einungis verða birtar heildarniðurstöður og svör verða ekki rakin til einstakra lögaðila. Nánari upplýsingar um trúnað, öryggi og persónuvernd má finna á www.hagstofa.is/personuvernd.

3.2 Flokkunarkerfi

Auk heildartalna fyrir landið eru tölur fyrir hvern ársfjórðung birtar fyrir atvinnugreinar sem sjá má í töflu 3.

Tafla 3. Flokkunarkerfi fyrir birtingu talna úr starfaskráningu

Atvinnugreinar	ÍSAT08 atvinnugreinar
Alls	Allar atvinnugreinar A til S
A. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	1 til 3
B-E. Framleiðsla, námugróftur, veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs	5 til 39
C. Framleiðsla	10 til 33
F. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	41 til 43
G-I. Heildsala og verslun, samgöngur og geymslusvæði, rekstur veitinga- og gististaða	45 til 56
J. Upplýsingar og fjarskipti	58 til 63
K. Fjármála- og váttryggingastarfsemi	64 til 66
L. Fasteignaviðskipti	68
M-N. Ýmis sérhæfð þjónusta	69 til 82
O-Q. Opinber stjórnýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta	84 til 88
R-S. Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi, félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	90 til 96
Einkennandi greinar ferðaþjónustu	Flokkurinn er sérsníðinn og er samsettur úr nokkrum atvinnugreinum í ÍSAT 2008 kerfinu: Tveggja stafa deildinni 79, þriggja stafa flokkunum 491, 501, 503, 511, 551, 552, 553, 561, 563, 771, og fjögurra stafa greinunum 4932, 4939, 7721, 9604 og 5223
A03 & C102. Sjávarútvegur og fiskeldi	Flokkurinn er sérsníðinn og er samsettur úr nokkrum atvinnugreinum í ÍSAT 2008 kerfinu: 03 og 102

3.3 Umfang efnis - þekja

Starfaskráning nær til allra atvinnurekenda á íslenskum vinnumarkaði sem greiða fleiri en einum starfsmanni laun á viðmiðunartíma úrtaksins.

3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar

Lögaðili. Lögaðili, eða lögformleg eining, er hinn lagalegi grundvöllur einingarinnar fyrirtæki.

Atvinnurekandi. Með atvinnurekanda er átt við minnstu samsetningu lögformlegra eininga/lögaðila sem er með eina eða fleiri starfsemi á einni eða fleiri starfsstöðvum.

Laust starf. Með lausu starfi er átt við starf sem nýlega hefur losnað eða orðið til og hægt væri að ráða í strax á viðmiðunardegi. Atvinnurekandi skal vera byrjaður að leita að nýjum starfsmanni. Slík leit felst m.a. í einhverju af eftirtöldu: Auglýsingu í fjölmiðlum, ljósvakamiðlum eða á interneti; tilkynningar séu hengdar upp á vinnustöðum eða sendar ráðningarskrifstofum eða opinberum vinnumiðlunum; haft sé samband við eða tekin viðtöl við umsækjendur sem þegar eru á skrá hjá fyrirtækinu, stofnuninni eða samtökunum og fleira þess háttar. Verði einungis leitað meðal þeirra starfsmanna sem þegar vinna hjá atvinnurekanda skal ekki telja starfið með sem laust starf.

Mönnuð staða. Starf sem atvinnurekandi segir að hafi verið mannað starfsmanni á viðmiðunardegi, hvort sem starfsmaður er í heilli, hálfri eða tímabundinni stöðu. Fjöldi mannaðra staða er ekki umreiknaður í fjölda stöðugilda.

Starfsmaður. Starfsmaður er hver sá einstaklingur sem starfar hjá atvinnurekanda á viðmiðunardegi, hvort sem einstaklingurinn er í heilli, hálfri eða tímabundinni stöðu. Fjöldi starfsmanna er ekki umreiknaður í fjölda stöðugilda.

Hlutfall lausra starfa (*Job vacancy rate*) er reiknað út skv. eftirfarandi formúlu:

$$\text{HLS (JVR)} = \frac{\text{Laus störf} \times 100}{(\text{Laus störf} + \text{fjöldi starfsmanna})}$$

3.5 Hagskýrslueining

Úrtakseining könnunarinnar og grunneining úrtaksrammans er atvinnurekandi sem er lögaðili.

3.6 Þýði

Þýði starfaskráningar er allir atvinnurekendur sem eru með fleiri en einn starfsmann í vinnu að meðaltali á mánuði yfir almanaksárið. Í úrtakramma eru allir atvinnurekendur sem höfðu haft fleiri en einn starfsmann að meðaltali á mánuði í vinnu árið áður en gagnasöfnun fer fram og sem ekki höfðu verið afskráðir á úrtaksdegi, valdir með slembivali kennitalna úr lögaðilaskrá Hagstofunnar.

Við gerð úrtaks voru atvinnurekendur flokkaðir í fjóra stærðarflokka (9 eða færri starfsmenn, 10-49 starfsmenn, 50-249 starfsmenn, 250 starfsmenn eða fleiri) og tíu ISAT 2008 atvinnugreinabálka sjá töflur 1 og 2. Úrtakið var því næst valið eftir stærð fyrirtækisins innan atvinnugreinabálkanna þar sem atvinnurekendur með 250 starfsmann og fleiri (stórir atvinnurekendur) fengu úrtakslíkur 1. Úrtakslíkur minnka svo eftir stærð fyrirtækja. Þessi úrtaksaðferð felur í sér að úrtak miðlungs stórra, lítilla og öratvinnurekenda er endurnýjað á hverju ári, en lögaðilar sem tilheyra hópi stærstu lögaðilanna eru alltaf hluti af úrtaki starfaskráningar.

Tafla 1. Stærðarflokkar atvinnurekenda

Tegund atvinnurekanda	Fjöldi starfsmanna
Stór	> 250
Miðlungsstór	< 250
Lítill	< 50
Ör-	< 10

Tafla 2. Samantekt atvinnugreinabálka fyrir úrtak starfaskráningar.

Atvinnugreinar	ÍSATO8 atvinnugreinar
A. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	1 til 3
B-E. Framleiðsla, námugróftur, veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs	5 til 39
F. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	41 til 43
G-I. Heildsala og verslun, samgöngur og geymslusvæði, rekstur veitinga- og gististaða	45 til 56
J. Upplýsingar og fjarskipti	58 til 63
K. Fjármála- og váttryggingastarfsemi	64 til 66
L. Fasteignaviðskipti	68
M-N. Ýmis sérhæfð þjónusta	69 til 82
O-Q. Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta	84 til 88
R-S. Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi, félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	90 til 99

3.7 Svæði	Heildartölur eru gefnar fyrir landið.
3.8 Tímabil	Starfaskráning Hagstofunnar hefur farið fram ársfjórðungslega frá fyrsta ársfjórðungi 2019.
3.9 Grunntímabil	Ársfjórðungur
4. Mælieining	
4. Mælieining	Atvinnurekandi sem er lögaðili og sem hefur haft einn eða fleiri starfsmenn að meðaltali á mánuði í vinnu árið áður en gagnasöfnun fer fram.
5. Viðmiðunartími	
5. Viðmiðunartími	Viðmiðunardagur lausra starfa er um miðbik ársfjórðungs, að jafnaði 15. dagur miðjumánaðar ársfjórðungsins. Sá dagur er álitinn dæmigerður fyrir ársfjórðunginn.
6. Umboð	
6.1 Lög og reglugerðir	Lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og (EC) 577/98.
7. Trúnaðarkvaðir	
7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna	Sjá reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna .
7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna	Sjá lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og (EC) 577/98, greinar 10 til 13.
8. Reglur um birtingar	
8.1 Birtingaráætlun	Birtingar verða tilkynntar og settar á birtingaráætlun í samræmi við reglur Hagstofunnar um birtingar.

8.2 Aðgengi að birtingaráætlun	Birtingaráætlun er aðgengileg á vef Hagstofunnar.
8.3 Aðgengi fyrir notendur	Tölurnar eru aðgengilegar notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands undir fyrirsögninni „ Vinumarkaður “.
9. Tíðni birtinga	
9. Tíðni birtinga	Niðurstöður starfaskráningar eru birtar ársfjórðungslega.
10. Aðgengileiki og skýrleiki	
10.1 Fréttatilkynningar	Fréttatilkynningar um niðurstöður starfaskráningar koma að jafnaði innan 10 daga eftir að ársfjórðungi lýkur.
10.2 Útgáfur	
10.3 Gagnasöfn á netinu	
10.4 Aðgengi að örgögnum	Hægt er að sækja um aðgang að örgögnum til vísindarannsókna frá Hagstofu Íslands í gegnum Rannsóknarþjónustu Hagstofunnar.
10.5 Annað	
10.6 Skjöl um aðferðafræði	
10.7 Skjöl um gæðamál	
11. Gæðastjórnun	
11.1 Trygging gæða	Sjá meginreglur í hagskýrslugerð .

<p>11.2 Gæðamat</p>	<p>Unnið er eftir viðurkenndum aðferðum í úrtaksrannsóknum. Til dæmis eru vikmörk alltaf gefin upp þar sem óvissa fylgir slíkum rannsóknum.</p> <p>Starfaskráningin hefur verið borin saman við önnur gögn Hagstofunnar sem gefa upplýsingar um fjölda starfandi hjá lögaðilum á íslenskum vinnumarkaði. Sá samanburður styður samsvörun á milli starfaskráningarinnar og annarra gagna sem Hagstofan safnar og vinnur.</p> <p>Reglulegum gæðaskýrslum er skilað til Eurostat. Markmiðið með þessum skýrslum er að tryggja að gæði íslensku rannsóknarinnar sé í samræmi við evrópska staðla um hagskýrslugerð.</p>
<p>12. Notagildi</p>	
<p>12.1 Þarfir notenda</p>	<p>Helstu notendur eru aðilar vinnumarkaðarins, ráðuneyti, stofnanir, fjölmiðlar og almenningur.</p>
<p>12.2 Ánægja notenda</p>	
<p>12.3 Heildstæðni</p>	
<p>13. Nákvæmni og áreiðanleiki</p>	
<p>13.1 Nákvæmni</p>	<p>Starfaskráningin er úrtakskönnun. Því eru niðurstöðurnar háðar óvissu sem er því meiri sem sundurliðun talnaefnis er meiri.</p>
<p>13.2 Úrtaksvillur</p>	<p>Úrtaksrannsóknir hafa ávallt ákveðna óvissu í för með sér þar sem úrtakið er ekki nákvæm eftirmynd af heildarskránni eða þýðinu. Til þess að aðlaga úrtakið að þýðinu eru svör lögaðila vigtuð eftir stærð og atvinnugrein.</p> <p>Meiri óvissa ríkir um niðurstöðurnar eftir því sem sundurliðun talnaefnis er meiri þar sem það felur í sér að jafnan eru færri svör fyrir hverja sundurliðun. Til þess að gera grein fyrir þessari óvissu greinir Hagstofan frá öryggismörkum spágilda í fréttum sínum.</p>

<p>13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)</p>	<p>Helstu skekkjur í starfaskráningu, aðrar en úrtökuskekkju, eru þekjuskekkjur og brottfallsskekkjur.</p> <p>Þekjuskekkjur. Þekjuskekkjur stafa annars vegar af því að sú skrá sem lögð er til grundvallar vali á úrtakinu, þ.e. úrtökuramminn, er ekki tæmandi og hins vegar af því að í rammanum eru lögaðilar sem ekki eiga þar heima. Þetta kallast annars vegar vanþekja og hins vegar ofþekja.</p> <p>Til dæmis er iðulega hópur lögaðila sem hefur verið afskráður yfir tímabil könnunarinnar og fellur þannig utan þýðisskilgreiningar rannsóknarinnar. Þess konar skekkja kallast ofþekja. Mun erfiðara er að greina vanþekju, þ.e. lögaðila sem ættu að teljast til þýðisins. Til þessa hóps má telja lögaðila sem hefja rekstur á tímabili könnunarinnar.</p> <p>Brottfallsskekkjur. Í öllum rannsóknum geta niðurstöður skekkst vegna þess að brottfall í úrtakinu dreifist misjafnt eftir hópum. Helstu ástæður brottfalls eru neitanir eða að ekki næst í lögaðila sem eru í úrtakinu. Brottfall er ákaflega lítið í starfaskráningu þar sem lögaðilum ber skylda til að skila umbeðnum gögnum til Hagstofunnar.</p>
<h2>14. Tímanleiki og stundvísi</h2>	
<p>14.1 Tímanleiki</p>	<p>Tölur um laus störf eru að jafnaði gefnar út innan 10 daga eftir að ársfjórðungi lýkur.</p>
<p>14.2 Stundvísi</p>	
<h2>15. Samræmi og samanburðarhæfni</h2>	
<p>15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg</p>	<p>Starfaskráning leggur meðal annars til tölur til alþjóðlegrar gagnasöfnunar Eurostat sem er ætlað að safna upplýsingum um eftirspurn eftir vinnuafli og skipulag vinnumarkaðarins til skemmri tíma. Áhersla er lögð á samræmdar gagnasöfnunar- og úrvinnsluaðferðir á milli Evrópulanda þar sem markmiðið er að tryggja sambærileika niðurstaðna yfir löndin sem taka þátt í evrópska hagskýrslusamstarfinu.</p>
<p>15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma</p>	
<p>15.3 Samræmi – milli efnissviða</p>	<p>Einnig má finna upplýsingar um fjölda starfa undir tölfræði um vinnumagn.</p>

15.4 Samræmi – innan efnissviðs

16. Kostnaður og svarbyrði

16. Kostnaður og svarbyrði

17. Endurskoðun hagtalna

17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna Sjá [stefnu](#) Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna.

17.2 Endurskoðun hagtalna - framkvæmd

18. Úrvinnsla hagskýrslna

18.1 Grunnkögn Grunneining starfaskráningar eru störf hjá lögaðilum.

18.2 Tíðni gagnasöfnunar Gagnasöfnun fer fram ársfjórðungslega og stendur að jafnaði yfir í 7 vikur.

18.3 Gagnasöfnun Gagnasöfnun fer fram í gegnum vefskráningarform. Atvinnurekendur fá notendanafn og lykilorð til þess að komast inn á skilasvæði sitt á vef Hagstofu Íslands. Þar mátti einnig finna skilgreiningar á hugtökum ásamt þeim dagsetningum sem atvinnurekandi skyldi taka mið af í svörum sínum. Gagnasöfnun fer að jafnaði fram frá viðmiðunardegi fram að lokum næsta mánuðar á eftir.

18.4 Sannprófun Sannprófun er gerð á gögnum á meðan á innsöfnun stendur þar sem svör þurfa að uppfylla ákveðnar reglur um innra samræmi svara fyrir hvern og einn svaranda. Í gagnavinnslu er öðrum reglum beitt til að skoða gagnsafnið og samræmi á milli mismunandi breyta.

18.5 Gagnavinnsla	Gögn eru auðguð með atvinnugreinaflokkun úr fyrirtækjaskrá. Við úrvinnslu eru gögn vegin eftir úrtakslíkum, atvinnugreinaflokkum og stærð.
18.6 Aðlögun	
19. Athugasemdir	
19. Athugasemdir	